

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 28/96
frá 26. apríl 1996**

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
3/96 frá 26. janúar 1996⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 95/C 168/02 frá 27. mars 1995 um jafna þátttöku karla og kvenna í
ákvarðanatöku⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 21a (ályktun 95/C 296/06 frá ráðinu og fulltrúum
ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins) í XVIII. viðauka við
samninginn:

„21b. 395 Y 0704(02): Ályktun ráðsins 95/C 168/02 frá 27. mars 1995 um jafna þátttöku
karla og kvenna í ákvarðanatöku (Stjtið. EB nr. C 168, 4. 7. 1995, bls. 3).“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 90, 11. 4. 1996, bls. 41 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 16, 11. 4. 1996, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 168, 4. 7. 1995, bls. 3.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 95/C 168/02 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 26. apríl 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner